

Athugasemdir við skoðunarskýrslu 39526

Til : Jónína Guðmundsdóttir - MAST <jonina.gudmundsdottir@mast.is>
Frá : Petur Bergmann Arnason <petur@haukamyri.is>
CC : Vigdís Sigurðardóttir - MAST <vigdis.sigurdardottir@mast.is>; Steinar Rafn Beck Baldursson - MAST <steinar.baldursson@mast.is>; Gyða <gyda@haukamyri.is>; Fiskeldið Haukamýri <fiskeldid@haukamyri.is>
Heiti : Athugasemdir við skoðunarskýrslu 39526
Málsnúmer : 2502999
Málsaðili : Fiskeldið Haukamýri ehf.
Skráð dags : 20.03.2025 14:54:27
Höfundur : Petur Bergmann Arnason <petur@haukamyri.is>
Viðhengi : [240101_Sýntöku- og vöktunaráætlun.pdf](#)
[Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga.pdf](#)
[Áhættumat og varnir gegn slysasleppingum.pdf](#)
[Viðbragðsáætlun fyrir neyðarkeyrslu varaafis.pdf](#)
[Massadauði_yfirlýsing_Fiskeldið Haukamýri.pdf](#)
[Aðgerðaráætlun Neyðarkeyrsla Rafmagns.pdf](#)
[image002.png](#)

Some people who received this message don't often get email from petur@haukamyri.is. [Learn why this is important](#)

Sæl Jónína,

Nokkrar athugasemdir og ósk um skýringar vegna skoðunarskýrslu 39526

- 4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni
 - Þessar ristar voru hannaðar og smíðaðar eftir fyrirmælum vegna frávíks hjá MAST. Fínristaður bakki undir affalli frá hrognaskáp til að sía ef smáseiði sleppa þaðan. Ekkert í stærð fiska í eldiskerjum í startrými hefur breyst síðan þetta var smíðað og samþykkt af Andra Snæ Þorsteinssyni hjá MAST. Óska ég því eftir frekari rökstuðning á því hvers vegna þessi rist er ekki nógu góð lengur og hvaða reglugerðir hafa breyst síðan þetta var samþykkt.
- 4.2.3 Búnaður til að endurheimta fisk
 - Tiltekt stóð yfir og voru net færð til meðan á henni stóð. Viðkomandi starfsmaður sem færði netin var ekki í vinnu þegar eftirlitið fór fram til að geta gefið skýringu á tilfærslunni og eru þau komin aftur á sinn stað og verið að útbúa merkinu þess efni að ekki meigi færa þessi net nema með samþykki yfirmanna.
- 4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
 - Orðalag verður lagfært samkvæmt fyrirmælum
- 5.1.1 Gæðahandbók Sjókvíaeldisstöðva
 - Orðalag í frávíkinu ekki rétt, við héldum árlegan fund en skráningu á hvað var farið í þessum fundi var ábótavant og að skrá þátttökuna í þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanns.
- 5.1.2 Þjálfun starfsfólks
 - Tvítekið frávík 5.1.1 um að skrá þáttöku á árlegum fundi í þjálfunarskrá (verður lagfært)
 - Það er rangt að ekki sé tilgreint í þjálfunarskrá þurfi þjálfun í viðbragðsáætlun, í þjálfunarskrá undir kafla um öryggismál eru eftirfarandi atriði tilgreind að þurfi að þjálfast starfsmann í:
 - Meðhöndlun eiturefna
 - Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar og massadauða
 - Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

	Heiðisatrarsskýrsia utryit	
Öryggismál:		
	Lyftararéttindi	
	Brunavarnir	
	Vöktunarkerfi	
	Persónuhlífar og meðhöndlun eiturfna	
	Mengunarvarnir og bráðamengun	
	Viðbragðsáætlun vegn rekstarstöðvunar og massadauða	
	Viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga	

- Í þessum lið þjófunar er farið í kafla 3.2 og 3.3 í gæða handbók sem fer í öll þessi atriði sem krafist er og þar á meðal Áhættumat, forvarnir og viðbragð við slyasleppingum (sjá viðhengi)
- **Ég vil fá frekari rökstuðning fyrir þessu fráviki og skýringar á því hvers vegna þetta er ekki fullnægjandi (fyrir utan að skrá þátttöku starfmanna í árlegum fundi sem ætti að tilheyra fráviki 5.1.1)**
- 5.1.5 Innra eftirlit
 - Spurning sem spurð var í eftirlitinu var mjög misvísandi og fólst í því að spyrja að sannprófun gæðakerfis væri ekki nóg heldur þyrfti innra eftirlit á skráningu gagna og hver vaktaði að sannarlega væri skráð niður gögn en vísaði ekki í þessa þætti sem fjallað er um í grein 48. Reglugerðar 540/2020 og aldrei var spurt um vöktunaráætlun.
 - Ég sagði frá því að sannarlega færi ég yfir öll gögn og gerði skýrslu ársfjórðungslega sem þið tölduð nægjanlegt, ég kvittaði vissulega ekki fyrir að ég væri búinn með skýrsluna sem nú orðið full langt gengið að mínu mati.
 - Við erum sannarlega með sýnatöku og vöktunaráætlun sem öll þessi atriði í 48gr. reglugerðar 540/2020 fara fram á (sjá fylgiskjal) en þið spurðuð aldrei út í það.
 - Varðandi f) lið 48.gr viðkomandi reglugerðar þá er förum við yfir þessi í heimskóknum hjá MAST, UST og svo ASC vottunaraðila svo ég skil ekki hvernig þið getið haldið því fram að ég uppfylli ekki f) liðinn.
 - **Ég óska eftir frekari rökstuðning fyrir þessu fráviki og skýringum á því hvers vegna við uppfylltum ekki 48gr reglugerðar 540/2020 á fullnægjandi hátt. Ef þið teljið skráningu ábótavant þá vil ég fá skýra sundurliðun á því hvaða skráninu þið teljið ekki fullnægjandi.**
- 5.1.3 Verklagsreglur
 - **Hvað af þessum verklagsreglum teljið þið að vanti hjá okkur ?**
- 5.1.4 Viðbragðsáætlanir
 - **Hvað af þessum verklagsreglum teljið þið að vanti hjá okkur (fyrir utan fárviðri og ísingu sem seinast þegar ég vissi ætti að fella út fyrir landeldi) ?**

Mér finnst ekki réttlæt看legt að setja frávik í eftirlitsskýrslu um gögn eða atriði sem aldrei var spurt um í eftirlitinu sjálfu eða beðið um með skýrum hætti. Þetta eru gögn og/eða atriði sem hafa verið í lagi hjá okkur um árabíl og eru sannarlega enþá til staðar.

Kveðja / Regards, **Pétur Bergmann Árnason**

Framkvæmdastjóri / CEO

Fiskeldið Haukamýri

petur@haukamyri.is

+354 8487090 / +354 4641480